

17. nóvember 2022

**Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins dags. 22. september 2022, um könnun á ánægju með störf aðgengis- og samráðsnefndar:**

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks hefur ekki yfir fjármagni að ráða til að gera könnun á ánægju allra hagsmunafélaga um störf nefndarinnar. Aðgengis- og samráðsnefnd fagnar því hins vegar ef hagsmunafélög myndu vilja gera könnun á ánægju með störf nefndarinnar meðal síns félagsfólks. Hagsmunafélög hafa dagskrárvald í aðgengis og samráðsnefnd, líkt og tekið er fram í samþykkt um aðgengis- og samráðsnefnd, og þeim því frjálst að koma málum á framfæri í nefndinni.